



Thorvaldsen

vel samtíðarmaður okkar Picasso komst ekki í hálfkvísi við Thorvaldsen, hvað aðdáendur snertir. Það er til ágætt lesmál um meistarann og hans daglega líf, sem þjónn hans skrifaði, og ef ég man rétt, hefur það verið lesið hér í útvarpið.

Afköst Thorvaldsen voru einnig með ólíkindum. Hann hafði fjölda manns í vinnu og var sjálfur afar iðjúsamur. Um tíma þótti það ekki mjög framúrsteftulegt að vera aðdáandi Thorvaldsen, en nú á seinni árum hefur frægð hans blossað upp að nýju. Þannig gengur það nú einu sinni til í listaheiminum, eitt er gott í dag, annað á morgun. Til eru þó þau listaverk, er standast allar sveiflur líðandi stundar. Þannig er um verk meistarans Bertil Thorvaldsen, þau eru sigild og hafa allt það sem höggmyndum er mest til kosta fundið. Það er jafnmikið ævintýri að koma í Smíðahús Thorvaldsen í kóngsins Kaupmannahöfn á líðandi stundu, eins og þegar Íslandsbóndinn Eiríkur frá Brúnum gekk þar um dyr á árum áður. Og nú hafa Danir sýnt mikla rausn og gefa okkur tækifæri til að kynna bæði sjálfum meistarann og einnig verkum hans,

á þeirri sýningu, er hér er ritað um. Kjarvalsstaðir voru ekki nægilega hentugir fyrir þessa sýningu, svo að menn gerðu sér lítið fyrir og endurbyggðu Kjarvalssal og gerðu nokkurs konar eftirlíkingu af því umhverfi, sem sýningarmunir eiga heima í dagsdaglega. Þetta er mjög vel heppnað fyrirtæki hjá þeim dönsku og sýnir, hvað er mögulegt, þegar vilji og fé er fyrir hendi.

Þarna á sýningunni er margt til að gleðja augað, bæði verk meistarans, og einnig þeir hlutir, er honum voru hvað kærastir. Það má til að mynda benda á nokkrar teikningar, eða frummyndir eftir Thorvaldsen, sem sýna hver meistari hann hefur verið á því sviði. Það yrði of langt mál að tíunda þessa sýningu að nokkru ráði hér, ég fer því fljótt yfir sögu og læt fólki eftir að skoða hina einstöku muni. En það er heildin og andrúmsloftið á þessari sýningu sem heillar mig. Öllu er þarna sérlega vel fyrirkomið, og allt hefur verið vandað til þessarar sýningar. Enda hafa margir aðilar sameinast um þetta fyrirtæki, og er sómi að.

Gefið hefur verið út fallett rit í tilefni þessarar sýningar, og er það sérlega skemmtilegt. Þar er fróðlegt lesmál og myndir af mörgum verkum Thorvaldsen. Ekkert hefur verið til sparað í þá veru að gera þessa heimsókn Thorvaldsen til Íslands sem veglegasta. Enda er hér einn merkasti listviðburður fyrir okkur í áraradír, og hafi Danir mikla þökk fyrir þessa ágætu sýningu.

Aðgangur er ókeypis, og ég óska þess af heilum hug, að sem allra flestir hafi tækifæri til að kynna þessum listviðburði. Þar á ég bæði við unga og aldna, sem ég veit að hafa muna mikla skemmtan af þessari merku sýningu. Með henni hefur enn einu sinni verið styrktur sá vinarhugur, sem ríkt hefur millum Dana og Íslendinga, síðan samkrulli þeirra var slitið hér á árunum.

Jörnæs lýsir helztu stórverkum Thorvaldsen. Höfundur segir þar: „Minnisvarðar eru minnismerki um sögulega atburði eða merkt fólk, þar sem oftast leggja ákveðnar stjórnmálaskoðanir eða þjóðernishugmyndir að baki. Ekki skiptir máli, hvort verkið hefur verið unnið í þágu konungs, kirkju, aðals eða lýðveldis. Thorvaldsen vann nær allar tegundir minnisvarða, svo sem brjóstmyndir, riddarastyttur og grafíklíneski. Hann lét ekki neinar stjórnmálaskoðanir í ljósi, þegar hann tók við þóntun að einhverju verki og vann jafnt fyrir kápólsku og lútersku kirkjuna, konunga, aðalinn sem borgarstjórnir og ýmis samtök borgara.“

Það yrði of langt mál að tíunda efni hvernar greinar, en auk framantalinna eru greinar Dybeke Helsted, „Í vinnustofunum“ og „Listaverkasöfnun Thorvaldsen“. Eva Henschen skrifar um „Hinstu ár Thorvaldsen“ og Bjarne Jörnæs á enn tvær greinar um „Thorvaldsensafn“ og „Eftirmæli“.

Birt er ítarleg myndskreytt skrá um 75 verk eftir Thorvaldsen og aftast er ártalaskrá um líf og starf hans.

Júlíana Gottskálksdóttir þýddi greinarnar, að undantekinni grein Kristjáns Eldjárns, sem er skrifuð á íslensku.

Það er mikill fengur að því lesmáli sem er í þessari skrá, öllu nær væri að kalla hana bók. Hún er veglega úr garði gerð, með mörgum myndum og þeim til sóma sem að hafa unnið.

SUMIR VERSLA DÝRT -  
AÐRIR VERSLA  
HJÁ OKKUR

Góð kaup  
í frystikistuna

Lambakjöt **43.70**  
pr.kg.

í 1/1 skrokkum niðursagað  
á GAMLA VERÐINU

Ath.: 30% lægra verð en af nýslátruðu (57.35) pr.kg.

5 slátur í kassa  
AÐEINS **300.00**



Aukavambir,  
Mör,  
Sláturgarn  
og nálar  
Frystipokar  
Frystibakkar  
Frostfilmur.

Ódýr lifur **45.00**  
AÐEINS pr.kg.

Rúgmjöl 5kg. **35.00**  
AÐEINS 7.00 pr.kg.

Rúgmjöl 2kg. Katla **19.80**

Unghænur **45.00**  
pr.kg.

Kynnum í dag: ekta  
Medisterpylsu

á danska vísu

AÐEINS **55.00** — og okkar  
pr.kg. vinsæla  
Hvítkálssalat.



Danskt  
Lúxus  
kaffi **29.80**  
á AÐEINS  $\frac{1}{2}$  kg.

Opið á laugardag:  
Í Austurstræti til kl. 12.  
en í Starmýri til kl. 4 e.h.

VÍÐIR

AUSTURSTRÆTI 17 STARMÝRI 2



Bertel Thorvaldsen

1770-1844

kunnar. „Leiðin til frama“, eftir Bjarne Jörnæs, segir frá því þegar styrkur Thorvaldsen til Róm- arveru er á þrotum og allt bendir til að hann verði, þess ófús, að snúa aftur heim. Enskur auðmaður, Thomas Hope, gerði honum kleift að vera áfram í Róm og hefur það án efa haft drjúg áhrif á áframhaldandi þroskaferil hans sem listamanns. Sami höfundur skrifar einnig kaflann „Dvöl í Kaupmannahöfn“. Þar er vikið að ýmsum listaverkum sem Thorvaldsen gerði að beiðni danskra og voru sett upp í Kaupmannahöfn meðan hann lifði. „Stóru minnisvarðarnir“, eftir Bjarne